

Fundargerð

Annar fundur fræðslu- og menningarráðs haldinn 7. sept. 2006 kl. 17.00.

Mætt voru: Hilma Steinarsdóttir, Óskar Haukur, María Guðmundsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, Arnar Einarsson, Steinunn Guðnadóttir, Jóhannes S. Jónsson, Helgi Tryggvason, Drífa Aradóttir og Guðrún Helgadóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Skýrsla skólastjóra.

Arnar sagði að það væri svo sem ekkert nýtt en upplýsti okkur um að eitt eineltismál væri í gangi / vinnslu. Það hefur þróast síðan í sumar. Olweusaráætlunin var rædd og hvernig henni er beitt á þetta tilfalli. Jonni ræddi þá hugmynd að kennarar fari í heimsókn á heimilin til að efla tengsl milli heimilis og skóla. Arnar tók upp þráðinn og fór yfir þessi tengsl.

María sagði að Þórunn kennari / leiðbeinandi fengi ekki undanþágu frá ráðuneytinu, sagðist alveg brjáluð og bað ráðuneytið um að senda kennara strax. Sund og akstur. Beðið er eftir að byggðaráð komi saman. Hugmynd kom upp með að börnin frá Bakkafirði fari á Þórshöfn á miðvikud. í sund. Fram kom að búið er að kaupa Mentor. Mentor var ræddur, kostir og gallar. Fram kom að nauðsynlegt er að halda tölvunámskeið fyrir foreldra svo að þeir geti nýtt sér Mentor þegar hann fer af stað.

2. Mál. Skýrsla leikskólastjóra.

Steinunn útskýrði málörvun, lífsleikni og fór betur með okkur yfir stundaskrána.

Rósa útskýrði leikskólastarfið. Er nú með leikskólakennaranema í 10 vikur sem er mjög ánægjulegt Fimm börn eru núna í leikskólanum en verða brátt 6.

3. Mál. Bókasöfnin.

Fram kom að á Bakkafirði væri allt í góðu lagi nema að það vantar fleiri bækur.

Á Þórshöfn hinsvegar væri efst á óskalistanum að fá húsgögn og nettengingu. Jonni vill láta kanna hvort bókasöfnin séu svelt fjárhagslega ef svo er þarf að bæta úr því snarlega.

3. Mál. Önnur mál.

Fram kom að nemendaverndarráð er í skólanum á Þórshöfn en er í vinnslu á Bakkafirði. Spurt var um eineltisráð. Það er ekki í skólanum en þegar upp koma slík mál er unnið samkvæmt Olweusaráætluninni. Áfallaráð er ekki í skólanum en er á dagskrá á Þórshöfn. Verð í leiktæki er enn í vinnslu hjá Jonna. Rædd var óánægju kennara með að fá ekki greitt fyrir námskeið t.d. Mentor. Hilma vitnaði í 55. fund 26. júní 2003 hjá Sambandi ísl. sveitarf. þar sem kemur fram að þetta skuli greitt. Fundurinn skorar á hreppsnefnd að skoða þetta mál. Jonni vill láta nefndarmenn skrifa undir þagnarskyldu og var það einróma samþykkt. Jonni ræðir stefnumótun / skólafestun sem hann vill að verði ráðist í hann vill gera betur en námskrá gerir ráð fyrir til að gera skólana okkar betri en aðra skóla. Hugmynd kom fram hjá Jonna að fá fólk úr atvinnulífnum til að koma í skólana og kynna starf sitt og nám, einskonar beina starfskynningu. Það ætti að hjálpa ungviðinu við að átta sig á öllum möguleikum sem því býðst í framtíðinni.

Óskar Haukur Óskarsson, ritari.